

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. mars til 31. ágúst 2021

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. („félagið“) er verslunaryfirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 38 matvöruverslanir, 26 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, eina birgðaverslun, eina sérvöruverslun, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 2.436 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 64.350 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 26.161 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 40,7%.

Afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma samstæðu Haga fyrir rekstrarárið 2021/22 verði á bilinu 9.300-9.800 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánaflína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar þann 3. júní 2021 var tilkynnt þann 6. júlí 2021 að gengið hefði verið frá samningum um kauprétti sem ná til tiltekinna lykilstarfsmanna félagsins. Alls voru veittir 11.806.246 hlutir eða um 1,0% hlutafjár í félaginu, þar af 6.800.398 til framkvæmdastjórnar. Áfallinn og gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttarsamninganna á tímabilinu er 12,1 millj. kr. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 20.

Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu samstæðunnar

Hagar og dótturfélög þess hafa undanfarin misseri fundið fyrir áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og hefur starfsemin litast af aðgerðum til að takmarka afleiðingar faraldursins og tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Áhrif faraldursins hafa verið jákvæð á dagvöruhlyta samstæðunnar þar sem velta og afkoma hafa heldur aukist. Áhrif á eldsneytishlyta samstæðunnar hafa hins vegar verið frekar neikvæð rekstrarlega, þá sér í lagi á fyrsta ársfjórðungi síðasta rekstrarárs, en velta og afkoma er nú farin að nálgast eðlilegra áferði. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 16.

Sala á Reykjavíkur Apóteki ehf. og rekstri Útilífs

Í mars og apríl 2021 var skrifað undir samninga um sölu á 90% eignarhlut félagsins í Reykjavíkur Apóteki ehf., sem og sölu á eignum tengdum rekstri Reykjavíkur Apóteks í Skeifunni 11. Afhending á eignum tengdum rekstri í Skeifunni 11 fór fram þann 21. maí sl. og afhending á eignarhlut Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. fór fram þann 18. júní sl. en viðmiðunardagur uppgjors viðskiptanna var 31. maí 2021. Afkomuáhrif vegna sölunnar komu fram í rekstrarreikningi fyrsta ársfjórðungs.

Þann 31. mars 2021 var skrifað undir samning um sölu á rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf. Afhending fór fram þann 31. ágúst sl. og komu afkomuáhrif vegna sölunnar fram á öðrum ársfjórðungi. Nánari upplýsingar um breytingar á samstæðunni má finna í skýringu 17.

Samningar Haga og Olís við Reykjavíkurborg

Þann 25. júní 2021 skrifuðu Hagar og Olís undir samkomulag við Reykjavíkurborg vegna fækkunar eldsneytissstöðva innan borgarmarkanna, sem og framtíðaruppbyggingar Haga á lóðum í Mjóddinni. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 18.

Hagar undirrita viljayfirlýsingu um uppbyggingu fasteignapróunarfélags

Í lok september sl. undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um uppbyggingu og rekstur öflugra fasteignapróunarfélags. Viljayfirlýsingin var gerð í tengslum við fyrirhuguð kaup Haga og Regins á nýju hlutafé í fasteignapróunarfélaginu Klasa. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 19.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Hlutfé og hluthafar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.154 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á enga eigin hluti í lok tímabils.

Hluthafar voru 784 í byrjun rekstrarársins og 852 í lok ágúst.

Þann 3. júní 2021 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðins árs sem nemur 1,27 krónum á hlut eða 1.466 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 16. júní sl. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutfé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 5. júlí 2021 og lækkaði hlutfé Haga því úr 1.181 millj. kr. að nafnverði í 1.154 millj. kr. að nafnverði.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2021 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 19. október 2021

Stjórn:

Davíð Harðarson, formaður

Eiríkur S. Jóhannsson, varaformaður

Eva Bryndís Helgadóttir, meðstjórnandi

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

Katrín Olga Jóhannesdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2021. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. október 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

Vignir Rafn Gíslason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars til 31. ágúst 2021

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2021	2020	2021	2020
		1.6.-31.8. *	1.6.-31.8. *	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Vörusala		34.885	30.924	66.919	59.165
Kostnaðarverð seldra vara		(27.501)	(23.657)	(52.686)	(46.069)
Framlegð		<u>7.384</u>	<u>7.267</u>	<u>14.233</u>	<u>13.096</u>
Aðrar rekstrartekjur		125	85	229	183
Hagnaður af sölu félaga	17	269	0	349	0
Laun og launatengd gjöld		(3.182)	(3.064)	(6.432)	(6.340)
Annar rekstrarkostnaður		(1.333)	(1.269)	(2.838)	(2.623)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		<u>3.263</u>	<u>3.019</u>	<u>5.541</u>	<u>4.316</u>
Afskriftir	7	(897)	(1.068)	(1.902)	(2.092)
Rekstrarhagnaður		<u>2.366</u>	<u>1.951</u>	<u>3.639</u>	<u>2.224</u>
Fjármunatekjur		7	16	14	33
Fjármagnsgjöld		(348)	(435)	(745)	(883)
Hrein fjármagnsgjöld	8	<u>(341)</u>	<u>(419)</u>	<u>(731)</u>	<u>(850)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага		90	95	121	125
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>2.115</u>	<u>1.627</u>	<u>3.029</u>	<u>1.499</u>
Tekjuskattur		(406)	(306)	(593)	(274)
Heildarhagnaður tímabilsins		<u><u>1.709</u></u>	<u><u>1.321</u></u>	<u><u>2.436</u></u>	<u><u>1.225</u></u>
Skipting hagnaðar:					
Hluthafar móðurfélags		1.709	1.322	2.426	1.228
Hlutdeild minnihluta		0	(1)	10	(3)
		<u>1.709</u>	<u>1.321</u>	<u>2.436</u>	<u>1.225</u>
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður á hlut		1,48	1,12	2,11	1,04
Þynntur hagnaður á hlut		1,47	1,12	2,10	1,04
Starfspáttayfirlit, skýring	22				

Skýringar á blaðsíðum 10 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2021

	Skýr.	31.8.2021	28.2.2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir		23.030	23.444
Fjárfestingarfasteignir		4.410	4.326
Óefnislegar eignir		10.618	10.547
Leigueignir	15	8.684	8.255
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.354	1.202
Eignarhlutir í öðrum félögum		41	41
Skuldabréfaeign		18	1
Fastafjármunir samtals		<u>48.155</u>	<u>47.816</u>
Vörubirgðir	9	9.817	8.791
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	4.901	3.219
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur	10	526	1.434
Handbært fé		951	388
Veltufjármunir samtals		<u>16.195</u>	<u>13.832</u>
Eignir samtals		<u>64.350</u>	<u>61.648</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.154	1.154
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.132	2.132
Lögbundinn varasjóður		289	289
Bundnir eiginfjárreikningar		3.320	4.433
Óráðstafað eigið fé		19.266	17.181
Samtals		<u>26.161</u>	<u>25.189</u>
Hlutdeild minnihluta		0	(2)
Eigið fé samtals		<u>26.161</u>	<u>25.187</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	11	9.286	9.368
Leiguskuldir	15	7.393	7.010
Tekjuskattsskuldbinding		2.687	2.214
Langtímaskuldir samtals		<u>19.366</u>	<u>18.592</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	11	2.950	2.957
Skuldir við lánastofnanir	11	0	601
Tekjuskattur til greiðslu		730	471
Leiguskuldir	15	1.963	2.019
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	13.180	11.821
Skammtímaskuldir samtals		<u>18.823</u>	<u>17.869</u>
Skuldir samtals		<u>38.189</u>	<u>36.461</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>64.350</u>	<u>61.648</u>

Aðrar upplýsingar, skýringar 13-14,16,18-19,21

Skýringar á blaðsíðum 10 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit

1. mars til 31. ágúst 2021

	Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfafjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundinn eiginfjár- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2021										
Eigið fé 1. mars 2021		1.154	2.132	289	4.433	0	17.181	25.189	(2)	25.187
Heildarhagnaður tímabilsins							2.426	2.426	10	2.436
Flutt af bundnum hlutdeildarreikningi					(1.125)		1.125	0		0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga	20					12		12		12
Hlutdeild minnihluta við sölu á dótturfélagi							0	0	(8)	(8)
Greiddur arður, 1,27 kr. á hlut							(1.466)	(1.466)		(1.466)
Eigið fé 31. ágúst 2021		<u>1.154</u>	<u>2.132</u>	<u>289</u>	<u>3.308</u>	<u>12</u>	<u>19.266</u>	<u>26.161</u>	<u>0</u>	<u>26.161</u>
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2020										
Eigið fé 1. mars 2020		1.189	4.017	297	5.947	0	13.136	24.586	1	24.587
Endurkaup á eigin bréfum		(8)	(412)					(420)		(420)
Heildarhagnaður tímabilsins							1.228	1.228	(3)	1.225
Breyting á varasjóð				(2)			2	0		0
Flutt af bundnum hlutdeildarreikningi					(2.988)		2.988	0		0
Eigið fé 31. ágúst 2020		<u>1.181</u>	<u>3.605</u>	<u>295</u>	<u>2.959</u>	<u>0</u>	<u>17.354</u>	<u>25.394</u>	<u>(2)</u>	<u>25.392</u>

Þann 3. júní 2021 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 1,27 krónum á hlut. Arðurinn var greiddur þann 16. júní sl. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutfé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,4 millj. kr. og er skráð hlutfé eftir lækkun því 1.154 millj. kr.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

1. mars til 31. ágúst 2021

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2021 1.6.-31.8. *	2020 1.6.-31.8. *	2021 1.3.-31.8.	2020 1.3.-31.8.
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins		1.709	1.321	2.436	1.225
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Sölutap (-hagnaður) rekstrarfjármuna		5	(2)	(131)	(1)
Afskriftir	7	897	1.068	1.902	2.092
Hrein fjármagnsgjöld	8	341	419	731	850
Áhrif hlutdeildarféлага		(90)	(95)	(121)	(125)
Tekjuskattur		406	306	593	274
Aðrir liðir		12	0	12	0
Veltufé frá rekstri		<u>3.280</u>	<u>3.017</u>	<u>5.422</u>	<u>4.315</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum		(1.322)	(367)	(1.974)	(501)
Breytingar á rekstartengdum skuldum		558	(1.324)	2.028	747
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		<u>2.516</u>	<u>1.326</u>	<u>5.476</u>	<u>4.561</u>
Innheimtar vaxtatekjur		7	16	14	17
Greidd vaxtagjöld		(323)	(315)	(600)	(617)
Greiddur tekjuskattur		(150)	(85)	(333)	(358)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.050</u>	<u>942</u>	<u>4.557</u>	<u>3.603</u>
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í fasteignum		(9)	(1.054)	(58)	(1.341)
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum		(41)	2	(74)	(11)
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum		(365)	(258)	(854)	(855)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(29)	(4)	(44)	(10)
Söluverð áhalda og innréttinga		60	11	84	39
Skuldabréfaeign, breyting		0	21	(17)	38
Seldur eignarhlutur í dótturfélagi		0	0	141	0
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum		(156)	0	(156)	0
Mótttekinn arður		124	0	124	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(416)</u>	<u>(1.282)</u>	<u>(854)</u>	<u>(2.140)</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborganir langtímalána		(124)	(111)	(238)	(227)
Breyting á lánalínu		0	(1.688)	(601)	(1.273)
Greiddur arður		(1.466)	0	(1.466)	0
Keypt eigin bréf		0	0	0	(420)
Leiguskuld afborganir	15	(424)	(447)	(835)	(886)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(2.014)</u>	<u>(2.246)</u>	<u>(3.140)</u>	<u>(2.806)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(380)	(2.586)	563	(1.343)
Handbært fé í upphafi tímabils		<u>1.331</u>	<u>3.475</u>	<u>388</u>	<u>2.232</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u>951</u>	<u>889</u>	<u>951</u>	<u>889</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

Skýringar

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samtæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2021 til 31. ágúst 2021 hefur að geyma samtæðu árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samtæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samtæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samtæðunni má finna í skýringu 13.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samtæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samtæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samtæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2021.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 19. október 2021.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samtæðunnar fyrir árið sem lauk í febrúar 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samtæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttir samtæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfspáttayfirlitið má finna í skýringu 22.

6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. ágúst 2021 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

Skýringar, frh.:

7. Afskriftir		
Afskriftir greinast þannig:	2021	2020
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Afskriftir rekstrarfjármuna	1.055	1.139
Afskriftir fjárfestingarfasteigna	47	47
Afskriftir leigueigna	733	896
Afskriftir óefnislegra eigna	67	10
Afskriftir samtals	<u>1.902</u>	<u>2.092</u>
8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2021	2020
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	14	33
Fjármunatekjur samtals	<u>14</u>	<u>33</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(494)	(536)
Vaxtagjöld leiguskuldar	(234)	(263)
Gengistap	(17)	(84)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(745)</u>	<u>(883)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(731)</u>	<u>(850)</u>
9. Vörubirgðir		
Vörubirgðir greinast þannig:	31.8.2021	28.2.2021
Matvara	4.733	4.255
Sérvara	2.005	2.068
Eldsneyti	2.717	2.003
Vörur í flutningi	362	465
Vörubirgðir samtals	<u>9.817</u>	<u>8.791</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils	285	184
10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.8.2021	28.2.2021
Viðskiptakröfur	4.698	2.993
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(236)	(188)
Aðrar skammtímakröfur	485	433
Niðurfærsla annarra skammtímakrafna	(53)	(53)
Afleiðusamningar	7	34
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	<u>4.901</u>	<u>3.219</u>
Greiðslukortakröfur	<u>526</u>	<u>1.434</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>5.427</u>	<u>4.653</u>

Skýringar, frh.:

11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	31.8.2021	28.2.2021	31.8.2021	28.2.2021
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	3,18%	2,87%	6.689	6.831
Skuldir í ISK, verðtryggðar	2,80%	2,80%	5.547	5.494
Lánalína	0,00%	1,84%	0	601
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			12.236	12.926
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda			(2.950)	(3.558)
Langtímaskuldir samtals			9.286	9.368

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	2.950	3.558
Afborganir eftir 1 til 2 ár	463	461
Afborganir eftir 2 til 3 ár	461	464
Afborganir eftir 3 til 4 ár	455	454
Afborganir eftir 4 til 5 ár	458	454
Afborganir síðar	7.449	7.535
Samtals	12.236	12.926

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

Óverðtryggður skuldabréfaflokkur, HAGA181021, að upphæð 2.500 millj. kr. hefur verið endurfjármagnaður með útgáfu á nýjum óverðtryggðum skuldabréfaflokki til 3ja ára, HAGA181024. Útgáfudagur skuldabréfa í hinum nýja flokki var 18. október 2021, sama dag og HAGA181021 var á gjalddaga. Samstæðan hefur auk þess aðgang að skammtímafiármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.8.2021	28.2.2021
Viðskiptaskuldir	10.731	8.825
Aðrar skammtímaskuldir	2.442	2.996
Afleiðusamningar	7	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	13.180	11.821

13. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		31.8.2021	28.2.2021
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%	100%
Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís)	Ísland	100%	100%
Bananar ehf.	Ísland	100%	100%
Noron ehf.	Ísland	100%	100%
FKV ehf. (áður Ferskar kjötvörur ehf.)	Ísland	100%	100%
Mjöll Frigg ehf.	Ísland	100%	100%
Reykjavíkur Apóteki ehf.	Ísland	0%	90%

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís. Engin starfsemi er í FKV ehf. Eignarhlutur Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. hefur verið seldur en viðmiðunardagur viðskiptanna var 31. maí 2021 og fór afhending fram þann 18. júní sl.

Skýringar, frh.:

14. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2021	2020
	1.3.-31.8.	1.3-31.8.
Rekstur:		
Hagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu)	8,3%	7,3%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu)	9,6%	10,7%
Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu)	4,2%	4,4%
Veltuhræði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða)	11,0	11,1
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum	11,4	11,1
Efnahagur:	31.8.2021	28.2.2021
Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir)	0,86	0,77
Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir)	0,34	0,28
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir)	2,06	2,43
Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir)	40,7%	40,9%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé)	22,67	21,83

15. Leigueignir og leiguskuldir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.8.2021	28.2.2021
Leigueignir í upphafi tímabils	8.255	9.435
Nýir samningar á tímabilinu	0	55
Verðbætur á tímabilinu	211	347
Afskriftir tímabilsins	(733)	(1.761)
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	951	220
Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu	0	(41)
Leigueignir í lok tímabils	<u>8.684</u>	<u>8.255</u>
Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.8.2021	28.2.2021
Leiguskuldir í upphafi tímabils	9.029	10.167
Nýir samningar á tímabilinu	0	55
Afborgunarpáttur leigugreiðslna	(835)	(1.753)
Verðbætur á tímabilinu	211	347
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	951	220
Kaupleigusamningar	0	(7)
Leiguskuldir í lok tímabils	<u>9.356</u>	<u>9.029</u>
Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:	31.8.2021	28.2.2021
Afborganir innan árs	1.963	2.019
Afborganir síðar	7.393	7.010
Samtals	<u>9.356</u>	<u>9.029</u>

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 1.070 millj. kr. (2020/21: 1.147 millj. kr.).

16. Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins

Hagar og dótturfélög þess hafa undanfarin misseri fundið fyrir áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og hefur starfsemin litast af aðgerðum til að takmarka afleiðingar faraldursins og tryggja öryggi starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Áhrif faraldursins hafa verið jákvæð á dagvöruhluta samstæðunnar þar sem velta og afkoma hafa heldur aukist. Áhrif á eldsneytishluta samstæðunnar hafa hins vegar verið frekar neikvæð rekstrarlega, þá sér í lagi á fyrsta ársfjórðungi síðasta rekstrarárs, en velta og afkoma er nú farin að nálgast eðlilegra árferði.

Í ljósi aðstæðna þá gekk rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2021/22 vel. Samanburður við fyrsta ársfjórðung síðasta rekstrarárs var hagstæður þar sem sá ársfjórðungur varð fyrir höggi þegar gengisfall íslensku krónunnar og lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu höfðu mikil áhrif á afkomu Olís og Haga. Rekstrarniðurstaða annars ársfjórðungs var umfram áætlanir og nokkuð betri en á síðasta ári sem m.a. má rekja til sölu eigna tengt rekstri Útilífs. Áhrif COVID-19 faraldursins fara minnkandi á rekstur samstæðunnar nú þegar Íslendingar eru farnir að ferðast á ný og fleiri erlendir ferðamenn koma til landsins. Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma samstæðunnar verði 9.300-9.800 millj. kr.

Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj.

17. Breytingar á samstæðunni

Í mars og apríl 2021 var skrifað undir samninga um sölu á 90% eignarhlut félagsins í Reykjavíkur Apóteki ehf., sem og sölu á eignum tengdum rekstri Reykjavíkur Apóteks í Skeifunni 11. Afhending á eignum tengdum rekstri í Skeifunni 11 fór fram þann 21. maí sl. og afhending á eignarhlut Haga hf. í Reykjavíkur Apóteki ehf. fór fram þann 18. júní sl. en viðmiðunardagur uppgjörs viðskiptanna var 31. maí 2021. Afkomuáhrif vegna sölunnar komu fram í rekstrarreikningi fyrsta ársfjórðungs, samtals að fjárhæð 76 millj. kr.

Þann 31. mars 2021 var skrifað undir samning um sölu á rekstri og eignum tengdum smásöluversluninni Útilíf. Afhending fór fram þann 31. ágúst sl. og komu afkomuáhrif vegna sölunnar fram á öðrum ársfjórðungi, samtals að fjárhæð 273 millj. kr.

Í maí 2021 náðu Hagar hf. og eigendur Djús ehf. samkomulagi um kaup Haga hf. á 49% hlut í Djús ehf., sem á og rekur veitingastaði undir merkjum Lemon. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins en fyrirvaranum var aflétt þann 2. júlí sl. Áhrif kaupanna koma því fram, í formi hlutdeildartekna, frá og með 2. júlí 2021.

18. Samningar Haga og Olís við Reykjavíkurborg

Þann 25. júní 2021 skrifuðu Hagar og Olís undir samkomulag við Reykjavíkurborg vegna fækkunar eldsneytisstöðva innan borgarmarkanna, sem og framtíðaruppbyggingar Haga á lóðum í Mjóddinni. Nánar tiltekið er um að ræða rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Olís og ÓB og samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum að Álfabakka 7, Álfheimum 49, Egilsgötu 5 og Stekkjarbakka 4-6. Samningarnir hafa í för með sér fækkun á eldsneytisdælum og þjónustustöðvum hjá Olís og ÓB á næstu fimm árum en samkomulagið inniheldur einnig ýmis atriði varðandi framtíðar uppbyggingu Haga, m.a. nýir lóðaleigusamningar og leyfi fyrir matvöruverslun í Stekkjarbakka.

Skýringar, frh.:

19. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í lok september sl. undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um uppbyggingu og rekstur öflugss fasteignapróunarfélags. Viljayfirlýsingin var gerð í tengslum við fyrirhuguð kaup Haga og Regins á nýju hlutafé í fasteignapróunarfélaginu Klasa. Samkvæmt viljayfirlýsingunni er áætlað að eignarhlutur hvers eiganda um sig, þ.e. Haga, Regins og KLS eignarhaldsfélags, núverandi eiganda Klasa, verði um 1/3 af útöfnu hlutafé.

Hagar og Reginn munu greiða fyrir eignarhlut sinn með þróunareignum. Á meðal eigna Haga sem um ræðir má nefna þróunarreit í Mjódd, þ.e. Álfabakka 7 og Stekkjarbakka 4-6, og á atvinnusvæði Sundahafnar, þ.e. Klettagarða 27. Samhliða fyrirhugaðri fjárfestingu Haga og Regins í fasteignapróunarfélaginu Klasa mun Klasa verða skipt upp þannig að eldri verkefni Klasa, sem ekki teljast til þróunarverkefna, færast í annað félag sem stendur utan fyrirhugaðra viðskipta. Áætluð verðmæti undirliggjandi fjárfestingareigna Klasa eftir fyrirhuguð viðskipti verða um 15 ma.kr. og gert er ráð fyrir að eiginfjárlutfallið í upphafi verði um 70%.

Fyrirhuguð viðskipti eru gerð m.a. með fyrirvörum um niðurstöður áreiðanleikakönnunar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

20. Úthlutun kaupréttá

Í samræmi við samþykkt aðalfundar þann 3. júní 2021 var þann 6. júlí sl. gengið frá samningum um kauprétti sem ná til tiltekinna lykilstarfsmanna félagsins. Alls voru veittir 11.806.246 hlutir eða um 1,0% hlutafjár í félaginu, þar af 6.800.398 til framkvæmdastjórnar.

Nýtingarverð kaupréttanna er 60,4 kr. á hlut, þ.e. dagslokagengi hluta í Högum eins og það var skráð á Nasdaq Iceland degi fyrir úthlutun á aðalfundi þann 3. júní 2021. Nýtingarverð skal leiðrétt, til lækkunar, fyrir framtíðar arðgreiðslum og leiðrétt, til hækkunar, með 3% árlegum vöxtum ofan á áhættulausa vexti frá úthlutunardegi og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Ávinnsrudagur er þremur árum frá úthlutun og hefst þá nýtingartímabil. Unnt verður að nýta 1/3 af kaupréttum á 1. tímabili, 1/3 á 2. tímabili og svo 1/3 á 3. tímabili en hvert tímabil spannar eitt ár.

Heildarkostnaður félagsins, skv. reiknilíkani Black&Scholes vegna kaupréttarsamninganna er áætlaður um 81,8 millj. kr. á ávinnslutímanum en þar af er gjaldfærður áfallinn kostnaður vegna þeirra 12,1 millj. kr. á tímabilinu.

21. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélag þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

	2021	2020
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Seldar vörur og þjónusta	74	55
Keyptar vörur og þjónusta	775	685
Viðskiptakröfur í lok tímabils	1	1
Viðskiptaskuldir í lok tímabils	126	94

Skýringar, frh.:

22. Starfspáttayfirlit

Fyrri árs helmingur 2021/22	Verslanir og vöruhús	Olíuverzlun Íslands ehf.	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	47.486	20.465	(1.032)	66.919
Aðrar rekstrartekjur	648	36	(106)	578
Heildartekjur starfspáttá	48.134	20.501	(1.138)	67.497
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(43.656)	(19.438)	1.138	(61.956)
EBITDA starfspáttá	4.478	1.063	0	5.541
Afskriftir starfspáttá	(1.480)	(422)	0	(1.902)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	5	116	0	121
Rekstrarafkoma starfspáttá	3.003	757	0	3.760
Hrein fjármagnsgjöld	(616)	(115)	0	(731)
Tekjuskattur				(593)
Hagnaður tímabilsins				2.436
31. ágúst 2021				
Eignir starfspáttá	45.182	19.168	0	64.350
Eignir samtals				64.350
Skuldir starfspáttá	28.259	9.930	0	38.189
Skuldir samtals				38.189
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	(805)	(141)	0	(946)

Fyrri árs helmingur 2020/21	Verslanir og vöruhús	Olíuverzlun Íslands ehf.	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	43.362	15.973	(170)	59.165
Aðrar rekstrartekjur	165	68	(50)	183
Heildartekjur starfspáttá	43.527	16.041	(220)	59.348
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(39.812)	(15.440)	220	(55.032)
EBITDA starfspáttá	3.715	601	0	4.316
Afskriftir starfspáttá	(1.555)	(537)	0	(2.092)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0	125	0	125
Rekstrarafkoma starfspáttá	2.160	189	0	2.349
Hrein fjármagnsgjöld	(678)	(172)	0	(850)
Tekjuskattur				(274)
Hagnaður tímabilsins				1.225
31. ágúst 2020				
Eignir starfspáttá	44.066	18.180	0	62.246
Eignir samtals				62.246
Skuldir starfspáttá	27.374	9.478	0	36.852
Skuldir samtals				36.852
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	(1.893)	(285)	0	(2.178)